

7  
5. janúar

## S A M Þ Y K T

um

lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

### 1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþyktar þessarar.

### 2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrir en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til miðnættis.

Á tímabilinu frá 20. júlí til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri eða skemri tíma lokað fyrir en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

### 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Ef 2. ágúst ber upp á sunnudag, skulu allar sölubúðir lokaðar 3. ágúst.

### 4. gr.

Frá ákvæðunum um lokunartíma sölubúða í samþykt þessari, skal sú eina undanþága vera, að búðum, þar sem eingöngu er selt eða haft á boðstólum innlent brauð, innlend mjólk eða matur, sem búinn er til þar á staðnum, má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst, til sölu á nefndum vörum eingöngu, og jafnan til kl. 9½ síðdegis. Sje í búðum þessum nokkurntíma dags hafðar aðrar vörur en innlent brauð, innlend mjólk eða þar til búinn matur, geta þær búðir ekki orðið þessarar undanþágu aðnjótandi.

Ákvæði samþyktar þessarar ná ekki til lyfjabúða.

## 5. gr.

7

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. 5. janúar

## 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sjerstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál útaf brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

## 9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 8. janúar 1923, og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sama efni, staðfest 22. október 1918.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög 2. ágúst 1918, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 8. janúar 1923.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. janúar 1923.*

Kl. Jónsson.

---

*Oddur Hermannsson,*